



FJÁRMÁLA- OG  
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# FRAMKVÆMD FJÁRLAGA OG ÁÆTLANAGERÐ NÝTT VERKLAG

SKRIFSTOFA STJÓRNUNAR OG UMBÓTA, 24. maí 2017

# ÁBYRGÐ

- » **Fjármála- og efnahagsráðherra** hefur **umsjón og eftirlit** með að skipting fjárheimilda í fjárveitingar, framkvæmd fjárlaga og fjárstýring séu í samræmi við ákvæði laganna. Hann setur reglur þar að lútandi, veitir leiðbeiningar um framkvæmd fjárlaga og fylgist með að eftir þeim sé farið.
- » **Hver ráðherra** ber **ábyrgð** á og hefur **virkt eftirlit** með framkvæmd fjárlaga á sínu málefnasviði. Hver ráðherra ber ábyrgð á að ráðstöfun fjárheimilda sé innan þess ramma sem Alþingi ákveður.
- » **Forstöðumaður ríkisaðila** í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð gagnvart hlutaðeigandi ráðherra á að starfsemin skili tilætluðum árangri og að **rekstur og afkoma séu í samræmi við fjárveitingar og áætlanir** sem samþykktar hafa verið.



# ÁRSÁÆTLUN RÍKISAÐILA

- » Áætlanagerð ríkisaðila hefst í **byrjun september** ár hvert.
- » Ríkisaðilar skulu skila drögum að ársáætlun til fagráðuneytis eigi síðar en **15. október**.
- » Í henni skal sýna áætlaða dreifingu útgjalda og tekna innan ársins ásamt áætlun um starfsemi fyrir komandi fjárlagaár þar sem rekstur er lagaður að fjárveitingum.
- » Ráðuneyti skulu staðfesta áætlanir með fyrirvara um mögulegar breytingar Alþingis á fjárheimildum eigi síðar en **10. nóvember**.
- » Í tengslum við ársáætlanagerð skulu stofnanir áætla afkomu í lok yfirstandandi árs.
- » Endurskoðaðar ársáætlanir skulu hafa verið samþykktar af ráðuneytum eigi síðar en **31. desember** ár hvert og lesnar inn í ORRA.



# DREIFING FJÁRVEITINGA

- » Á grundvelli samþykktra ársáætlana ríkisaðila og verkefna verða fjárveitingar lesnar inn í Orra.
- » Liggi ekki fyrir ársáætlun verður fjárveiting ársins sett á desembermánuð.
- » Stefnan er að ráðuneytin sjái sjálf um að dreifa fjárveitingum innan ársins á grundvelli ársáætlana. Þessa aðgerð á eftir að hanna kerfislega samhliða innleiðingar á áætlanagerfi fyrir ríkisaðila.
- » Dreifing fjárveitinga stjórnar greiðsluflæði til stofnanna auk þess að vera mælikvarði á áætlaða rekstrarlega stöðu tímabila.



# MILLIFÆRSLUR FJÁRHEIMILDA

- » Hverjum ráðherra er heimilt að breyta skiptingu fjárveitinga innan málaflokks frá því sem birt hefur verið í fylgiriti fjárlaga.
- » Ekki er heimilt að færa fjárveitingar milli rekstrar, tilfærslna eða fjárfestinga.
- » Forstöðumanni eða ábyrgðaraðila verkefnis ber að uppfæra rekstraráætlun til samræmis við fjárveitingar og skila ráðuneyti til staðfestingar innan þess frest sem gefinn er.
- » Breytt rekstraráætlun skal færð í fjárhagskerfi Orra áður en millifærslan er framkvæmd.



# FLUTNINGUR FJÁRHEIMILDA MILLI ÁRA

- » Samhliða samþykkt rekstraráætlana skal horft til áætlaðrar rekstrarniðurstöðu málaflokka á yfirstandandi ári. Þannig skal ráðuneyti ákveða hvað miklu leiti ríkisaðili/verkefni njóti afgangss eða beri með sér halla sem varasjóður þess ár nær ekki að jafna.
- » Eigi síðar en 31. mars samhliða gerð ársreiknings ríkisaðila og verkefna skal rekstrarafkoma undangengin árs færð í fjárheimildakerfi Orra í samræmi við ákvörðun ráðuneyta um ráðstöfun.
- » Dugi varasjóður ekki til að jafna halla innan málaflokks skal ráðuneyti gera breytingar á fjárveitingum ríkisaðila og verkefna þannig að heildarstaða í árslok sé í samræmi við fjárheimildir.



## **EFTIRLIT MEÐ FJÁRMÁLUM INNAN FJÁRLAGAÁRS. (34.gr.)**

- » Hver ráðherra skal hafa **reglubundið eftirlit** með fjárhag ríkisaðila í A-hluta sem málefnasviði hans tilheyra og greina og bregðast við áhættu og veikleikum í rekstri.
- » Ef hætta er á að útgjöld verði **umfram fjárveitingar** skal hann leita leiða til að **lækka gjöld** innan ársins, **millifæra** fjárveitingar innan málaflokka eða nýta **varasjóði** þannig að útgjöld verði ekki umfram fjárveitingar.
- » Hver ráðherra skal skila **greinargerð** til fjármála- og efnahagsráðherra um samanburð raunútgjalda og fjárheimilda fyrir þá málaflokka sem undir hann heyra fyrir hvern ársfjórðung.



## UPPLÝSINGASKYLDA, FRÁVIK FRÁ ÁÆTLUNUM RÍKISAÐILA Í A-HLUTA. (35.gr)

- » Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta **skal upplýsa** hlutaðeigandi ráðherra án tafar um **frávik** frá rekstraráætlun, **ástæður** þeirra og **hvernig** fyrirhugað er að **bregðast við** þeim.
- » Hlutaðeigandi ráðherra skal upplýsa forstöðumann innan 15 daga um afstöðu sína til fyrirhugaðra viðbragða.
- » Fallist hann ekki á tillögurnar skal hann leggja fyrir forstöðumanninn að **bregðast við** með nánar tilgreindum hætti þannig að settum markmiðum verði náð.
- » Ef forstöðumaður upplýsir ekki um frávik frá rekstraráætlun eða ef afkoma eða rekstur ríkisaðila í A-hluta er ekki í viðunandi horfi getur hlutaðeigandi ráðherra falið óháðum aðila að **gera úttekt** á starfsemi ríkisaðilans.







FJÁRMÁLA- OG  
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# ÁÆTLANAKERFI FYRIR RÍKISAÐILA

**Mikilvægt verkfæri til að auka skilvirkni,  
gagnsæi og yfirsýn við áætlanagerð.**

Steinunn Sigvaldadóttir  
Skrifstofa stjórnunar og umbóta, 24. maí 2017

# HVAÐ SEGIR LOF?

- » Í lögum um opinber fjármála nr. 123/2015, IV. kafla eru ákvæði um:
  - Að stuðla að virkara eftirliti með stjórn og ráðstöfun opinbers fjár.
  - Að leiða til aukins aga við framkvæmd fjárlaga.
  - Ábyrgð og skyldur á framkvæmd fjárlaga.
  
- » Forstöðumaður ríkisaðila ber ábyrð gagnvart hlutaðeigandi ráðherra á að starfsemin skili tilætluðum árangri og að rekstur og afkoma sé í samræmi við fjárveitingar og áætlanir sem samþykktar hafa verið. (27.gr. Umsjón og ábyrgð á framkvæmd fjárlaga)
  
- » Ríkisaðilar skulu eftir að frumvarp til fjárlaga hefur verið lagt fram leggja fyrir hlutaðeigandi ráðherra áætlun um starfsemi sína fyrir komandi fjárlagaár þar sem rekstur er lagaður að fjárveitingum. (32.gr. Ársáætlanir ríkisaðila í A-hluta)



# TILGANGUR ÁÆTLANAKERFIS

- » Til að ná betri yfirsýn og meiri gæðum við áætlanagerð hefur verið ákveðið að innleiða sérstakt áætlanakerfi fyrir ríkið.
- » Tilgangur með innleiðingu slíks kerfis er fyrst og fremst að auka gagnsæi, skilvirkni, yfirsýn og bætt vinnubrögð.
- » Einnig er markmið með innleiðingu kerfisins að samræma verklag og efla eftirlit með allri áætlanagerð.
- » Að auki er markmið ríkisins að bæta áætlanagerð til lengri tíma og mun skilvirkara verklag einfalda vinnu og auka gæði við gerð áætlana.



# VERKEFNI SKILGREINT

- » Skipaður var vinnuhópur í nóvember s.l. til að undirbúa verkefnið.
- » Hlutverk hópsins var að skilgreina helstu þarfir notenda á áætlanagerfi sem og kröfur ríkisins til slíkra lausna, meta núverandi verklag ásamt því að leggja fram tillögur til úrlausna um skilvirkara verklag.
- » Hópurinn hefur nú lokið verkinu. Fyrir liggur þarfa- og kröfulýsing auk þess sem kostnaður, umfang og tímarammi við innleiðingu lausnar hefur verið áætlaður.



# ÁVINNINGUR

- » Með innleiðingu á samræmdri lausn sem allir ríkisaðilar nota má samræma og einfalda verklag við áætlanagerð fyrir ríkið.
- » Með slíkri lausn verða breytingar og uppfærslur áætlana einfaldari og gagnsæjar.
- » Eftirlit með rekstri verður skilvirkara og betri yfirsýn yfir að áætlanir séu í samræmi við samþykktar fjárveitingar.
- » Gerð áætlanna verður einfaldari og fljótlegri sem leiðir til þess að fagraðuneyti hafa betri yfirsýn til að yfirfara og staðfesta áætlanir ríkisaðila.
- » Áætlanakerfi stuðlar þannig að auknu gagnsæi, samræmdum vinnubrögðum, aukinni skilvirkni og betri yfirsýn.



# TÍMARAMMI OG INNLEIÐING

- » Ákveðið var að fara í samkeppnisútböð.
- » Útböðsferlið hófst 12. apríl.
- » Fyrirhugað er að opna tilböðin í dag, 24. maí.
- » Allt að 5 bjóðendur fá tækifæri til að kynna sínar kerfislausnir samkvæmt fyrirfram skilgreindum aðgerðum og lausnum fyrir ríkisaðila.
- » Val á bjóðandi ræðst af gæðum, sýningu á aðgerðum og lausnum ásamt verði.
- » Tilkypping um val er áætlað 28. júní.
- » Innleiðing hefst hjá ca 20% af ríkisaðilum í september.
- » Markmið að 70% ríkisaðila noti miðlægt áætlanakerfi 2018.





FJÁRMÁLA- OG  
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Takk fyrir

[www.fjr.is](http://www.fjr.is) | [twitter.com/MoFiceland](https://twitter.com/MoFiceland)

